

## Grænland í íslenskum ritum

Ólafur Friðriksson. Frá Vestfjörðum til Vestribygðar: „... hafði enginn komist að suðausturströnd Grænlands ...nema Þorgils Örrabeinsfóstri árið 998, og er frásögn um það í Flóamannasögu. 6

„... fjörðinn, þar, sem Guðríður Þorbjarnardóttir af snæfellsnesi lifði hörmulegastan vetur, sú hin sama Guðríður, er giftist Þorfinni Karlsefni frá Reynistað í Skagafirði. Fór hún með honum í Vínlandsferð, og fæddist sonur þeirra Snorri, í Vesturheimi, þar sem Íslendingar kölluðu Straumfjörð.“ 144

Guðmundur J. Guðmundsson. Á Hjara veraldar (2005): „Útflutningsvörur Grænlandinga voru mest dýr og eftirsóttur munaðarvarningur.“ 72 ... „Ýmislegt bendir þó til að fram til um 1300 hafi Ísland gjarnan verið viðkomustaður með vörur og farþega til og frá Grænlandi og það framan af jafnvel verið eins konar dreifingarstöð fyrir þær verðmætu vörur sem Grænlandingar fluttu út, ekki bara til Noregs heldur einnig til Bretlandseyja.“ 75

Ólafur Halldórsson. Grænland í miðaldaritum. (Rvk. Sögufélag, 1978): Úr Grænlandslýsingu Ívars Bárðarsonar: „Svo segja vitir menn sem fæddir eru á Grænlandi og síðast komu þaðan, að úr Noregi frá Staði sé sjö dægra sigling í vestur til Horns á Íslandi austanverðu, en frá Snæfellsnesi á Íslandi þar sem skemmst er til Grænlands, fjögurra dægra haf í vestur að sigla, og eru Gunnbjarnarsker þá miðs vegar í milli Grænlands og Íslands.“ 133

Nýi annáll: Skýrt frá siglingu frá Grænlandi til Noregs. 141

Síðasta lífsmarkið? Bréf Sæmundar Oddssonar ber vitni um að frændkonan, Sigríður Björnsdóttir, hafi gift Þorsteini Ólafssyni. 144.

Jóhann Briem. Milli Grænlands köldu kletta. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Rvk. 1962:

Fundu Grænland: Gunnbjörn Úlfsson og Snæbjörn galti. 7 - Talar um skrælingja. 16.

„Allir eru brúnir, sumir mjög dökkir og hrukkóttir, auðsýnilega ekki mikið blandaðir hvítra manna blóði, með grettinn eskimóasvip. Aðrar eru meira blandaðir, gulbrúnir, og líkjast mjög Kínverjum, einkum konur. Þeir, sem mest eru blandaðir, hafa næstum því misst skrælingjasvipinn og gætu vel verið frá Ítalíu eða Spáni. Þeir eru myndarlegri en norðurlandafólk, yfirbragð dökkt, hárið slétt, blásvart, og yndisþokki í hreyfingum.“ 52-53

Ívar Bárðarson, norskur ráðsmaður að Görðum á 14. Öld. samdi lýsingu Grænlands. 59

„Í dölum Austur-Grænlands gerðist margt furðulegt. Meistarinn Króka-Refur úr Breiðafjarðardölum reisti þar kastala af timbri við botn á þröngum firði. Var virki þetta fyllt með vatn og gat því ekki brunnið, og svo ágæta haglega gjört, að þegar það var brotið, gat Refur siglt skipi sínu til sjóar.

Forfeður okkar komu oft til þessarar strandar, reistu þar skála og höfðu vetursetu, þótt ekki ættu þeir þar fast bólstaði. Og margir létu þar líf sitt. Á þessum slóðum var Snæbjörn galti veginn, maðurinn, sem fyrstur fann Grænland. Þá voru „firn hvers konar“ segir í Landnámu, og „allt ömurlegt útnorðr í haf“. Og hér var Þórey Þorvarðsdóttir myrt í sæng sinni, en maður hennar, Þorgild Örrabeinsstjúpur, tók ungabarna þeirra, skar af sér geirvörtu og lagði barnið á

brjóst. Ekki er þess getið, hvar bóndi jarðsetti húsfreyju, en fóstursystur hennar gróf hann undir rúmi sínu.

Hér missti Josteinn úr Kálfholti fylgdarlið sitt allt úr sótt og gjörningum, og dó sjálfur. Tólf manns. Gengu allir aftur.“ 70-71

Finnur Jónsson og Helgi Pétursson. Um Grænland: „... hverjum stendur nær en Íslendingum, að þekkja sögu þessarar nýlendu, sem er sú einasta, er þeir hafa stofnað að fornu.“ VII

„... líklega um aldamótin (900) eða litlu fyr, hafði maður leitað Íslands, er Gunnbjörn hét, son Úlfs kráku. Hafði hann rekið „vestr um Ísland“ og fann þá sker nokkur, er kölluð voru eftir honum. En sögninni fylgdi, að hann hefði átt að hafa séð land í vestri.“ 3

Ísl. kærðir árið 1389 fyrir siglingar til Grænlands og verslun. 41

Ívar Bárðarson fer til Vestri byggðar 1341. Enginn lífs. „Þeir hafa einlægt mjakast suður á bóginn. 1379 er sagt þeir hafi herjað á Grænlandinga, drepð af þeim átján menn og haft tvo drengi burt með sér. Návistir þeirra vottar og smásaga ein um Björn Jórsalafara, er var 1385-1387 á Grænlandi – hann hafði rekið þangað -; 43. (Finnur Jónsson)

„Ungu stúlkurnar eru oft laglegar, þær eru svo glaðlegar og feitar, en það eru þó einkum augun og tennurnar, sem eru þeirra prýði. Aðrar eins tennur hefi ég mjög sjaldan séð annars staðar.“ 35 (helgi).

„Grænlenzku kerlingarnar eru vanalega fádæma ljótar, sköllóttar, sóðalegar og svo magrar, að maður býst nærri því við að heyra hringla innan í skinnfötunum. Kvennfólkið eldist miklu ver en karlmennirnir af því að það hefir svo miklar kyrrsetur í loftillum hýbýlum yfir skinnsaum o.s.frv. og á yfir höfuð ekki góða æfi.“ 37 (Helgi)

Eskimóar að eðlisfari góðlyndir. 45 (helgi)

„Það er ekki lítið hugvit, sem kajakinn með öllu útbúnaði ber vott um; úr þessum fáu efnunum, sem að honum stóðu til boða, hefir Eskimóanum þar tekist að búa til fleytu, sem er svo hentug fyrir hann, að Evrópumenn með allri sinni menningu hafa ekki getað búið til neina hentugri og hlýtur hún að vekja aðdáun allra, sem sjá hana.“ 56

Sigurður Breiðfjörð. Frá Grænlandi: „Skapferði Grænlandinga er meinlaust og blítt; spaklyndi, frjálsræði og jöfnuður eru þar á meðal þeirra, því einginn setur sig upp yfir annan; hver einn má lifa og láta einsog hann vill. Allir virða þann sem er heppinn veiðimaður, og meta mest tillögur hans, og eru yngri menn fúsir að hlýða honum og hans ráðleggingum. Nú þótt að Grænlandingar séu þannig í sjálfræði sínu og laga-lausir og yfirvalda, eru þeir siðlátir og hæverskir og þrátta sjaldan; og beri svo við, þá með hæglæti og meinlausum orðum, þar eingin (52) þess konar orð eru til í máli þeirra, og ekkert hrakyrði nam þetta: „ajorputit“ (=þú ert ónýtur); það er mest reiðiyrdi þar í því landi, og það láta Grænlandingar duga með nokkrum hótunum. 53

„Þeir eru hreifilátir, og þykjast umfram aðrar þjóðir, og kalla sig eina menn (innuit), en aðra aðskota-dýr (kablúnakka).“ 54

Guðmundur J. Guðmundsson. Grænland og umheimurinn (Skírnir): „Þeir Helgi Guðmundsson og Lúðvík Kristjánsson hafa sett fram athyglisverðar tilgátur um þetta efni. Lúðvík hefur fært rök fyrir því að landnámsfloti Eiríks rauða hafi að stórum hluta verið stórir bátar og nota hafi mátt slíka báta til Grænlandssiglinga.“ 59

„Knörrinn var því aðalsamgöngutæki Grænlandinga við umheiminn frá því um 1300 og til loka 14. Aldar, þegar tengslin milli Grænlands og Noregs rofnuðu, ...“ 71

„Upp úr 1300 verður sú breyting á siglingum til Grænlands að Grænlandsförin hætta að hafa viðkomu á Íslandi.“ 79

„Grænlandsverslunin var mikilvægur hlekkur í norsku hag- og stjórnerfi.“ 80

Guðmundur Þorláksson. Grænland...: „Í Eiríks sögu rauða segir svo frá, að þá er Eiríkur hafði verið ger sekur á Þórsnesþingi á Snæfellsnesi, bjó hann skip sitt í Eiríksvogi og .....63 samgöngur tíðar 64

„Fornleifarannsóknir hafa leitt í ljós, að Fornmenn hljóta að hafa haft sambönd við Evrópu fram í lok 15. Aldar. ... Það, sem fornleifafræðingar byggja fullyrðing sína á um siglingar til Grænlands á seinnihluta 15. Aldar, er meðal annars hettur, húfur og kirtlar, sem eru af nákvæmlega sömu gerð eins og sams konar flíkur, sem fyrst boru bornar í Evrópu á seinni hluta 15. Aldar. Það er heldur ekki svo ólíklegt, að Englendingar og Hollendingar, sem höfðu mikla launverzlun (71) hérlendis á 15. Öldinni, hafi einnig komið við á Grænlandi. Víst er það, að dönsku konungarnir kvarta yfir því við Englandskonung á þessum tíma, að Englendingar reki verzlun og fiskveiðar við skattlönd Dana.“ 72

Sumarliði R. Ísleifsson. Tvær eyjar á jaðrinum. (Rvk. HÍ 2013): „Nátengt viðhorfum um eins konar paradís í norðri eru þær hugmyndir að þar væri víða að finna mikil auðæfi. Því var þó einnig oft haldið fram að fólk eða verur á þeim slóðum kynnu ekki að hagnýta sér þessa auðsuppsprettu. ... Og svo var vonin um gull aldrei langt undan.“ (Sumarliði R. Ísleifsson. Tvær eyjar á jaðrinum. (Rvk. HÍ 2013, bls. 37).)

„Þegar litið er nánar á þessa umræðu um sælueyjar í norðri verður enn að nefna að hugmyndir um eyjar koma hér við sögu: allsnægtaeyjar – fjársjóðseyjar – eru vel þekkt fyrirbæri og sú hefð var að nokkru leyti yfirfærð á Ísland og Grænland. Jafnvel má einnig tengja hugmyndir um norðri við þessu efni en frá fornu fari hafði verið litið svo á að í norðri gætu verið mikil auðævi.“ ... „En svo var vissulega líka mikill auður í norðri og dýrmætar vörur að fá frá þessum löndum. Það vissu þeir sem höfðu átt þar viðskipti, einhyrningshorn, rostungstennur, valir ágætir, fiskur og sjárvarspendýr.“ (Sumarliði R. Ísleifsson. Tvær eyjar á jaðrinum. (Rvk. HÍ 2013, bls. 231).)

Helgi Guðmundsson. Um haf innan. Vestrænir menn og íslenzk menning á miðöldum. (Rvk. Háskólaútgáfan, 1997): Norðurseta nálægt Holsteinsborg (um það bil á miðri vesturströnd Grænlands), um 500 til 1000 km. norður af Vestribyggð, sem var um 500 km. norður af Eystribyggð.

Til náhvalaslóða við Inglefield Breeding eru um 2000 km. frá Vestribyggð. Trúlega vesturseta þar. Á rúnaristu þar eru nefndir: Erlingur Sighvatsson, Bjarni Þórðarson og Eindriði Oddsson.

Frá Íslandi til Skotlands eru um 800 km, en tæpir 1000 til Noregs. - Frá Íslandi til Írlands er talin 3 til 5 sólarhringa sigling.

Færir rök að því, að í Orkneyjum hafi verið stunduð verslun við Grænlandinga/Íslendinga með vörur eins og náhvalstennur og rostungstennur og afurðir úr þeim, fálka, hvítabirni, svarðreipi, hvít refaskinn (54-84)

„Eskimóar hafa verið settir að við Diskóflóa og norður til Upernavik um 700-900. Þar var Norðurseta. Ef rétt er til getið, hafa norrænir menn á Grænlandi verið farnir að nota sér nábylið við eskimóa upp úr 1200 og vísast löngu fyrr. Þá hafa þeir verzlað við eskimóa og fengið aðstoð þeirra við veiðar. Athuga má, að í eskimóísku eru talin vera fjögur tökuorð úr norrænu.“ (Helgi Guðmundsson. Um haf innan. Vestrænir menn og íslensk menning á miðöldum. (Rvk. Háskólaútgáfan, 1997), bls. 64.)

Hugsanlega töluvert fleiri eins og t.d.íslenskt nóaorð eða varúðarorð af latnesku bergi rétt eins og eina rúnaristnanna, penna. „Eskimóar voru steinaldarmenn, þegar þeir hittu norræna menn. En þeir voru hagir. Þeim hefur orðið starsýnt á norræna hnífa. Ef hér er rétt til getið, bendir þetta latneska orð til þess, að nærrænir menn og eskimóar hafi verið saman á veiðum.“

„Þannig getur ýmislegt bent til þess, að Íslendingar og Orkneyingar hafi verið milliliðir í verzlun milli Grænlands og landanna fyrir vesta haf. Sú verzlun hefur verið ábatasöm. Þá er einnig líklegt, að Breiðfirðingar hafi átt töluverðan hlut í þeirri verzlun. Land í Orkneyjum er mjög frjósamt, og þar hefur verið gnægð korns og malts, sem var eftirsótt vara á Íslandi og Græn-(71)landi. Vitað er, að efnahagur Orkneyinga stóð með miklum blóma á 12. Öld, og verzlun með verðmætan varning frá Grænlandi getur skýrt það að hluta. Um fyrri aldir brestur heimildir. Þetta hefur breytzt, þegar Grænlandssiglinar urðu erfiðari vegna kólnandi veðurfars á norðurslóðum um 1200, og ekki síðar en 1261, þegar Grænland féll undir Noreg.“ (Helgi Guðmundsson. Um haf innan. Vestrænir menn og íslensk menning á miðöldum. (Rvk. Háskólaútgáfan, 1997), bls. 72.)

Grænlandsverzlunin er án efa helzta ástæða þeirra tengsla, sem voru um langt skeið milli Íslands og Orkneyja, og þá um leið landanna fyrir vestar haf, og eru alkunn á 12. Og 13. Öld.“

72

Um Breiðafjörð og Borgarfjörð: „Ljóst er, að ýmsir höfðingjar á þessum slóðum [Breiðafirði og Borgarfirði] áttu þátt í þessari verzlun, og þeir hafa verið auðugir. Hluti þess ríkisdæmis hefur runnið til kirkjunnar. Kirkjur og klaustur hafa auðgast. Klerkum hefur fjölgað. Fé og erlend menntun er grundvöllur lærdómsiðkana. Á 11., 12. Og 13. öld er vitað um ýmsa menn, sem fóru til náms í útlöndum, og þeir hafa kennt öðrum.

„Á þessum tíma var endurreisn 12. aldar í Evrópu. Á Íslandi var til mjög mikið af erlendum bókum, eins og smám saman er að koma í ljós. Nám erlendis og bækur hafa kostað of fjár. Allstór hópur lærðra manna hefur lesið þessar bækur og þýtt sumar þeirra. Þeir eru einnig höfundar þeirra rita, sem voru frumsaman á íslensku á þessum öldum.“ (Helgi Guðmundsson. Um haf innan. Vestrænir menn og íslensk menning á miðöldum. (Rvk. Háskólaútgáfan, 1997), bls. 83.)

„Íslensk rit voru á þessum tíma einkum samin á vestanverðu landinu. Það er á svæði, sem nær frá Odda í suðri að Þingeyrum í norðri. Þar hafa verið beztar aðstæður til ritunar bóka og mest eftirspurn. Það bendir til góðs efnahags og sambands við útlönd. Þarna hljóta að vera tengsl

við Grænlandsverzlunina.“ (Helgi Guðmundsson. Um haf innan. Vestrænir menn og íslensk menning á miðöldum. (Rvk. Háskólaútgáfan, 1997), bls. 83.)

Afrakstur Grænlandsverzlunarinnar var sennilega fjárhagslegur grundvöllur og um leið helzta ástæða þess, að Íslendingar fóru að leggja stund á sagnaritun og bókagerð í svo miklum mæli.“ (Helgi Guðmundsson. Um haf innan. Vestrænir menn og íslensk menning á miðöldum. (Rvk. Háskólaútgáfan, 1997), bls. 83.)

„Við lok 13. aldar og á 14. öld voru færri merkileg rit samin á Íslandi. Því hefur m.a. valdið vaxandi fátækt. Þá var kólnandi veðurfar á norðurslóðum og erfiðara að nálgast grænlenzkan varning.“ (Helgi Guðmundsson. Um haf innan. Vestrænir menn og íslensk menning á miðöldum. (Rvk. Háskólaútgáfan, 1997), bls. 84.)

Grænlandsvinurinn 1954, 1. Árg. bls. 1: (útg. Ragnar V. Sturluson.): „Í hugum allra þjóðhollra Íslendinga á vitundin um Grænland sér djúpar rætur. Allt frá þeim dögum er harmsaga Snæbjarnar Galta, finnanda Grænlands, og félags hans gerðist á tíundu öld sem og sigling landnámsflotans með Eirík rauða í fararbroddi til þessara nýju áttuga í skjóli "várra laga“, hefur saga Grænlands verið samofin vitundarlífi íslenskra „sögu“-manna engu síður en saga Íslands sjálfs.“

Ólafur Lárusson. Réttarstaða Grænlands að fornu. Andvari 1924, 49: bls. 28-64: „Orðið [nýlenda, Kolonie] getur því táknað mjög ýmiskonar samband milli landa. Hugtaksins gætir einkum í þjóðhagsfræði og í lögfræði. Við skilgreiningu hugtaksins hafa flestir lagt áherslu á það, að þjóðarbrot tæki sér bólfestu í öðru landi en heimalandi sínu, aðrir hafa talið, að fleira þyrfti til að koma, svo um nýlendu væri að ræða, svo sem það, að útflytjendurnir hefðu til að bera eldri eða ærði menningu en þjóð sú, er fyrir er þar sem nýlendan er stofnuð, og þó sérstaklega það, að nýlendan væri háð heimalandinu, væri einn hluti af heimaríkinu. Menn munu vera á einu máli um það, að lagahugtakið nýlenda eigi hvergi við nema þar sem nýlendan er stjórnskipulega tengd viðheimalandið, þ.e. fleiri eða færri stjórnvöld sameiginleg fyrir nýlenduna og heimalandið. Í þjóðhagsfræði gjöra margir aptur á móti mun á nýlendum í þrengri og víðari merkingu. Nýlendur í þrengri merkingu eru þá hið sama og nýlendur í lagamálinu, þ.e. þær nýlendur einar, sem tengdar eru stjórnskipulega við heimalandið.“ 28-29

„... er það ljóst, að miði menn nýlenduhugtakið við það eitt, að flokkur manna af tiltekinni þjóð taki sér bólfestu utan heimalandsins, þá er Grænland íslensk nýlenda.“ 38

„Nýlega hefir Einar skáld Benediktsson haldið fram þeirri skoðun, að Grænland hið forna, hafi verið hluti af íslenska ríkinu. Hefi ég ekki getað fundið, að neinn annar lögfræðingur eða sagnfræðingur, er um þetta mál hefir ritað, hafi áður haldið þeirri skoðun fram. Almenna skoðunin hefir verið sú, að Grænland hafi verið sjálfstætt lýðríki fram til þess, að það gekk Noregskonungi á hönd 1261.“ 40-41

„... að í Grænlandi var til sjálfstætt höfðingjavalld og sjálfstætt þing með dómsvaldi og löggjafarvaldi. Nýlendan í Grænlandi hafði því hjá sjálfri sér og fyrir sig sjálfa það stjórnvald, er sjálfstætt ríki þyrfti að hafa á þeim tímum. Niðurstaðan er því sú, að Grænland var sjálfstætt lýðveldi, sniðið eptir íslenska lýðveldinu, en algerlega óháð því.“ 60

„Og viljum vér gjöra kröfur til Grænlands nú, þá skulum vér byggja þær kröfur á einhverju öðru en því, að umhverfa sögulegum sannindum. Því það hefnir sín.“ 64 (lýkur grein).

Ingólfur. 12. Árg. 1914-1915, 40. Tbl. 11.10. 1914., bls. 157-158 (Einar Ben.): „Harmasaga hinnar fornu, föllnu nýlendupjóðar, bregður einkennilegu skörpu ljósi, einnig fyrir lífskjör þjóðar vorrar um langar aldir, undir kúgun erlenda ofbeldisins og fjárdráttarins. Og seinni afskiptin af Grænlandi, þar sem nokkrar þúsundir Skrælingja hafa verið haldnar í landsfangelsi, til þess að Danir gæti búið einar að þeim, eru ekki síður upplýsandi um það yfirleitt hvert gagn „hjálendu“-ráðsmennska Dana vinnur mannúð og menningu heimsins.“

Kristján Sveinsson. Viðhorf Íslendinga til Grænlands og Grænlandingar á 18., 19. Og 20. Öld. Saga 1994, 32. Árg. 1. Tlb. 159-210: „Ætti því að vera ómaksins vert að athuga hvaða augum Íslendingar litu á þjóð sem í mörgu greindi sig frá þeim og öðrum Evrópuþjóðum, en var samt svo nálægt að vitneskja um hana hlaut að verða talsverð.“ 160

„Umræður á Íslandi um þjóðréttarlega stöðu Grænland og hugsanlegt tilkall Íslendinga til landsins á öndverðri 20. öld og fram um miðbik hennar mynda sérstakan heimildaflokk.“ 160

„Íslendingar tveir, sem gerðust hvatamenn að því að danska ríkið sýndi Grænlandi aukinn áhuga, voru þeir Þormóður Torfason konunglegur sagnaritari í Björgvin í Noregi og Arngrímur Þorkelsson Vídalín skólameistari í Nakskov í Danmörku. Þormóður sagnaritari stakk upp á því að hafin yrði leit að Grænlandi frá Íslandi árið 1683, en Arngrímur vildi láta byggja landið frá Danmörku, og samdi hvatningarritið De veteri et novæ Grönlandia diatribé til konungs árið 1703 í þeim tilgangi að stuðla að framgangi málsins.“ 163

Góðvon – Gost Haab. „Var þá úr afdankaður foringi í landher Dana var gerður að landstjóra í nýlendunni og honum fengið 20 manna lið óbreyttra hermanna til fylgdar. Að svo búnu var í skyndingu komið á hjónaböndum tíu kvenna úr kvennafangelsi ríkisins, Barnahúsinu í Kaupmannahöfn, og jafnmargra refsifanga hersins. Var þetta fólk og tveir refsifangar að auki sent til vistar á Grænlandi vorið 1728.“ 164

Íslendingar hvattir til landnáms á Grænlandi 1729, skráðir 220 manns, boðið að gjöf kýr, naut og sauðfé og fiskibáta og húsavið. 165

Áhugi Jón Bjarnason á Ballará, prestur í Skarðsþingum vildi komast til Grænlands, lærði grænlensku aðdáandi Hans Egede sakmdi grafskrift á grænlensku, dönsku og íslensku og orti Skrælingjanið – Innuin inversarit og fl. 166 sagði löndum sínum lítast illa á, vegna þess að G. Væru grimmir, villtir og þjófgefnir. 174

Fjögur íslensk trúboð á Grænlandi frá 1765-1789. Einn þessara, sér Egill Þórhallason, trúboði og landkönnuður. „Hann samdi nokkur rit um tungu og menningu landsmanna, auk þess sem hann þýddi Katekismu á grænlensku og ritaði a.m.k. eina grein á íslensku um grænlensk málefni.“ 167

„Áhugi Íslendinga á Grænlandi á 19. Öld mun hafa verið harla lítill. ...t.d. lét Jón Espólín þess getið í Árbókum sínum við árið 1831, að danskur kapteinn, Graah að nafni, hefði fundið „Austurbygd eina á Grænlandi, er menn ætludu vera mundi Íslendinga bygd hin forna, því fólk var þar meira vexti ok ljósra en Eskimóa kyn, ok líkt Nordrálfubúum.“ 167-168

Jón Sigurðsson áleit Grænland nýlendu Dana 168. Íslendingar vildu ekki flokkast með þeim. Sbr. Skrælingjasýninguna

Vilhjámur Finsen: Klokken 12: „Getur Ísland verið þekkt fyrir að taka þátt í svona sýningu, þar sem íslenskum konum er stillt upp við hliðina á eskimóum og negrakerlingum? Hér segi ég nei! Það er smánarblettur á þjóðerni voru og vanmat á menningu okkar, og það er ekki hægt að skilja þetta öðru vísi. Skyldu Danir, sem standa hátt minningarlega, ekki mótmæla, ef t.d. Ameríkumenn skyldu halda sýningu á þeim ásamt villimönnum, til þess að græða fé á því? 169

Hópur G.I. kom til Ísafjarðar 1925: (í Ægi 1925) „Grænlandingar komu Ísfirðingum vel fyrir sjónir við það tækifæri; „...voru hreinlega búnir, framkoma þeirra guðrækileg og hæversk og söngur þeirra þýður,“ en sérkennilegt þótti er nokkrar kvennanna komu í kvikmyndahúsið á Ísafirði með börn sín í hryggpokum.“ 170-171

Heimastjórn 1979 – Eiríkur rauði 982

„Í frumsaminni íslenskri kennslubók í landafræði frá árinu 1913 var vikið að stærð landsins, og það sagt kalt og hrjóstrugt, en dýralíf fjölskrúðugt. Íbúum landsins var þar lýst á eftirfarandi hátt: „Grænlandingar eru Eskimóar. Þeir eru lágir vexti og gildir, kringluleitir, dökkir yfirlitum, sljetthærðir og svarthærðir ...“ Karl Finnbogason

Sumir þeirra, sem girtust Grænlag til handa Íslendingum, virðast hafa gert svo af einberri þjóðrembu, blindaðir af dýrðarljóma f fornum frásögnum af Íslendingum á Grænlagi og hetjusögum af heimskautaförum samtíðarinnar. Til mark um það er eftirfarandi tilvitnun:

„Mikil tíðindi hafa gerst á Íslandi, þau mikilvægustu, alt frá landnámstíð: afkomendur fornmannanna, sem fundu landið [Grænland] og námu það, hafa fundið það á ný. Trú sú á landið og framtíðina, sem týnd var, er nú aftur tekin. Og svo rík er trúin á þjóðina, að margir sjá í anda aftur bygð í hinum fjallgirtu, sumarheitu grænlenzku dölum í Eystri- og Vestribygð ... Og því trúir þjóð [Íslendingar], að þessir dalir, sem nú eru að mestu þögulir, en þar sem kátir sveinar skemtu áður meyjum með íslenskum gamanyrðum og smalinn gældi við hundinn sinn á Íslenzku, og mæðurnar svæfðu börnin sín við íslensk vögguljóð, eigi aftur að byggjast Goðþjóð [Íslendingum].“ 175 (Ólafur Friðriksson)

„Í staðinn fyrir hinn kolsvarta hörundslit á Skrælingjasvæðinu áður, er nú kominn hvítur hörundslitur. Í staðinn fyrir dverga, 3-4 fet á hæð, er komið á Skrælingjasvæðið fólk, sem er fyllilega meðalmenn á hæð. Í staðinn fyrir hið illmannlega útlit Skrælingjans er kominn hinn allra-góðmannlegasti svipur og hið einlægasta og hjartanlegasta bros, sem til er á þessari jörð.“ 176 (Kristján Sveinsson. Viðhorf Íslendinga til Grænlands og Grænlandingar á 18., 19. og 20. öld. Saga 1994, 32. árg. 1. tlb., bls. 159-210.)

Gerpla 363-364: Dönsk einokunarverslun fram í seinni heimstyrjöld 178

Danska r.stj. 1925 neyddist til að láta undan kröfum Færeyinga um hafnaraðstöðu í G. 1921 deilur milli Norðmanna og Dana um G. 1931 Norðmenn lýstu hluta Austur-G. Sem norskt land. 180

„Um miðjan þriðja áratuginn var sem sagt orðinn verulegur áhuga á því meðal Íslendinga að nýta náttúruauðlindir á G.“ 180 - Grottuleiðangurinn að leita sauðnauta 1929 á G. Komu með 7 sauðnaut

Skýrsla Einars Arnórsson 1932: „... hvorki Noregur né Ísland gæti gert sér nokkra von um að fá kröfu til Grænlands byggða á afstöðu sinni til landsins frá upphafi Íslandsbyggðar þar og fram á 15. öld tekna til greina.“ 183

„Athyglisvert er hversu skeytingarlausir alþingismenn voru um íbúa landsins. Engu er líkara en þeir hafi hreinlega ekki verið til í hugum flestra þeirra, hvað þá að þeim kæmi til hugar að Grænlandingar sjálfir ættu fyrsta rétt til þess lands sem þeir byggðu.“ 183

Ragnar V. Sturluson, verkamaður, stofnaði tímarit helgar málefnum grænlands 1954. Grænlandsvinurinn kalatdlit ilangnarnek.

Sigurðar Breiðfjörð rímnaskáld og beykir dvaldi á Grænlandi 1831-1834. „Skapferli þeirra taldi hann „meinlaust og blítt“ og ritaði ennfremur: „...skaplyndi, frjálsræði og jöfnuður eru þar á meðal þeirra, því einginn setur sig upp yfir annan; hver einn má lifa og láta eins og hann vill.“ Þá taldi hann Grænlandinga siðláta og hæverska og lét þess getið að einungis eitt hrakyrði væri að finna í máli þeirra. Auk þess væru Grænlandingar „...frábitnir gripdeildum, einkanlega sín í milli, og hafa hvorki hús né hirzlur, að geyma í faung sín; því þó allt liggi úti á víðavangi, tekur einginn það, sem hann veit að annar á.“ 193

Helgi Pjeturss rannsóknarför 1897: yngri konur þriflegar og laglegar. „Þá var Helgi hrifinn af því „... hvernig Eskimóum af hugviti sínu hafði tekist að búa svo um, að þeir gætu lifað allgóðu lífi í þessari grimmu náttúru,“ og taldi hann að verið gæti að þeir stæðu Íslendingum framar hvað snerti að laga lífshætti sína eftir loftslagi landsins.“ 194

Guðmundur Þorláksson náttúrfraeðingur 1939-1945 skrifaði Grænland: Lýsing lands og þjóðar 1948 – varla um nokkra gildisdóma, hlutlaust. „Umfjöllunum Grænlandinga er hvergi með áberandi neikvæðum hætti. Þó er ljóst að höfundar áleit menningu þeirra og tungu standa langt að baki hefðbundinni Evrópumeningu; a.m.k. kvað hann þjóðina vera svo fátæka, fámenna og fákæna að langt yrði þess að bíða að það svaraði kostnaði að rita bækur á grænenska tungu.“ 195

Ási í bæ: „Grænland er mikið land, tuttugu sinnum stæra en Ísland. Náttúra þess er hrikafögur. Þar býr ein ágætasta þjóð heims og er ég ekki einn um þá skoðun, fólk sem enn geymir eðliskosti hinnar óspilltu manneskju jarðarinnar með langa og merka sögu að baki.“ 204

Einar Benediktsson. Örlög Grænlandinga. Iðunn 1916, Nýr flokkur 10, bls. 191-212: „Mun óhætt að segja að almannaálit hjer á landi sje nú vakið til þeirrar sannfæringar, að ómaklegt sje, að minnsta kosti fyrir Íslendinga sjálfa, að andmæla sögurjetti vorum yfir Grænlandi, að óskoðuðum rökum.“ 192

„Er fyllsta ástæða til þess að ætla, að meginorsök ófaranna og síðast gereyðingar nýlendumanna, hafði verið skortur og brígdur um aðflutning frá Noregi, undir hinni ríkjandi einkaverslun konungs. Skeytingaleysi og vanmáttur hins erlenda konungsvalds, kemur hjer fram með hræðilegri ábyrgð.“ 197

„[Hinn erlendi aðili]svelti og afvopnaði hetjulýðinn íslenska, er unnið hafði eitt merkasta frægðarverk heimssögunnar, með námi Grænlands og síðan með því að finna og stofna bólfestu í Vínlandi.“ 198



„Það frábæra stórvirki, sem finnur Magnússon og Rafn hafa unnið með útgáfu „Sögulegra minnismerkja Grænlands“ (1838-1845) ....“ 201

(Samkvæmt Finni og Rafni): „Ormur lögmaður Sturluson, sem var í miklum metum hjá Friðrik 2. Og dvaldi í Höfn veturinn 1567-68, hafi frætt konung um Grænland, og eggjað hann á að senda skip þangað vestur. Var þá gefin út nokkurs kyns ávarp eða kunngerð til Grænlandinga dags. 12. Apríl 1568 frá höll konungs í Höfn og undir innsigli. Meginatriðið í boðskapnum er á þessa leið:

„Síðan að vjer vorum komnir til vorrar Konglegrar ríkisstjórnar, formerkum vjer í sannleika að þar skyldi vera gjörður nokkur sáttmáli og skildagi upp á beggja síðu, og frá Noregi til Grænlands skyldi sigla tvö skip hvort ár – og færa þangað alla góða, nytsamlega vöru sem landinu og almúga væri til besta – hvað að vjer höfum fengið að vita, að þar hefur verið forsómað fyrir sökum veðranna og tímanna svo og annara stórra forfall nú um tíma verið forsómað (sic) fyrir margar vorar stórnauðsynjar og Konglegt embætti ...“ Og kongur sendir skip.

„...enginn siðmannaður landslýður stóð þar yfir moldum Íslendinga...“ 211

Einar Benediktsson. Þrætan um Grænland. Andvari 1924, 49. Árg. 1. Tbl. 87-109: Friðrik konungur sendi enska skipstjórnann James Allday 1579 trúleg þátt. Í leiðangri Frobisher. 90

„En fyrir hvern hafa þeir [Danir] varðveitt landið, óbyggt eins og það er, sem kirkjugarð fornra, íslenskra nýlendumanna og rannsóknarsvæði vísindamanna af ýmsum þjóðum? – Úrslitin, sem orðin eru um frelsisbaráttu Íslands sjálfs, gefa skýrt svar. Eins og það var viðurkennt með málaskilnaði vorum við Dani, að gamli sáttmáli stofnaði að eins konungseining við Noreg og síðan við Danmörk, eins er Grænland enn til þessa dags rjettmæt eign Íslands og að þjóðalögum háðfullveldi þess, síðan móðurlandið sjálft er tekið í tölu frjálsra ríkja, með þeim hætti sem orðið er, þannig að ríkiseiningarkenningin danska, sem áður var svo lengi haldið fram í Höfn, er nú kveðin niður fyrir fullt og allt með einföldum lögum ríkisþingsins og eftir samráði helstu danskra lögfræðinga.“ 98

Páll Jónsson. Ísland eða Grænland. Réttur 1919, 4. Árg. bls. 112: „Einn af okkar ungu mentamönnum, herra cand. polit. Jón Dúason, hefir nú um alllangt skeið ritað mikið um þörf okkar Íslendinga, til þess að fra að dæmi nágrannaþjóða okkar og kast eign okkar á fjarlæg lönd, til þess að stofna þar nýlendur og hagnýta þær í þarfir fósturjarðarinnar.“ 114

Jón Dúason. Ísland og Grænland: nokkur atriði varðandi yferráðarétt Íslands yfir Grænlandi. Eimreiðin; 1949; 55(3), 195-201: „Samkvæmt upphafi Úlfljótslaga náði íslenska þjóðfélagsvald minnst út að yztu sjónarvídd frá hafi til lands, sem er meiri fjarlægð en sjónarvíddin frálandi til hafs. Inna þessarar fjarlægðar lágu ekki aðeins tindar Grænlands, heldur og kaflar af austurströnd Grænlands, því Ísland hillir þar upp jafnvel niður við sjávarmál. Að þessu leyti var Grænland hluti hins íslenska þjóðfélags allt frá stofnun þess, 927-930.“ 195

„Þeir Snæbjörn galti og Hrólfrur rauðlenski fundu Grænlang um 980 og ætluðu að nema þar land. Þeir lent líklega við Öllumlengri (Scoresbysund) eða þar nálægt. Fyrsti fundur veitti þá og ummargar aldir eftir það fullan eignar- og yferráðarétt yfir hinu nýfundna landi“ 196

„Um hinn mikla áhuga íslensku þjóðarinnar fyrir Grænlandi á öllum öldum er óþarft að ræða hér. Aldrei hefur hún afsalað sér rétti sínum til Grænlands með kæruleysi eða gleymsku. Á 16., 17. Og 18. öld háðu Íslendingar harða baráttu fyrir því að fá endurlífgað siglingasambandið við Grænland, komið hjálpi til landa sinna þar. Í þessum skrifum er allsstaðar talað um Grænland sem nýlendu Íslands eða „islandorum colonia“, og efaði enginn þessa réttarstöðu Grænlands til Íslands fyrr en á 19. Öld, að Danir tóku að falska söguna.“ 199

„Sannleikurinn er sá, að hinir íslensku íbúar Grænlands hættu smátt og smátt landbúnaði og gerðust veiði- og fiskimenn og dreifðu sér yfir mikil svæði á Grænlandi og í Vesturheimi. Þeir glötuðu tungu sinni og kristni og blönduðust lítið eitt skrælingjum, kolsvartri, huglausri, duglausri og siðlausri dvergþjóð, er bjó í jarðholum, sem enn eru til. Hinni verklegu menningu Íslendinga halda þeir ennþá, en hafa glatað flestu því, er geymdist á íslenskri tungu.“ 200

Einar Benediktsson. Nýlenda Íslands. Eimreiðin; 1924; 30 (1-2), bls. 47-59: Eiríkur rauði íslenskur þegn 51

Einar Benediktsson. Forn staða Grænlands. Andvari F, 50: s. 121-143: Gagnrýnir Ólaf Lárusson, sem heldur því fram, að ísl. Grænl. Hafi stofnað sjálfstætt ríki. „Próf. Ó.L. hefur unnið þarft verk með ritgerð sinni, að því leyti sem þar eru leidd í ljós ýms atriði, er hljóta að vera gjörð að umtalsefni við komandi meðferð þessa heimsmerka málefnis.“ 143

Einar Olgeirsson. Skyldan við Grænlinga. Réttur 1975; 58 (2) bls. 96-101: Grænland gert að amti í DK með stjórnarskrárbreytingu 1953 – „Eftir áratug, 1986, eru þúsund ár síðan vér Íslendingar námum Grænland og fundum þar með Ameríku. Vér höfum skyldur við það land og þjóð, er það byggir nú.“ 97

Sumarliði Ísleifsson. Tvær eyjar á jaðrinum. Ímyndir Íslands og Grænland frá miðöldum til miðrar 19. aldar. Háskólaútgáfan, Rvk. 2014, bls.: „Umfjallanir um Ísland eru ekki margar frá því fyrir 1500 og enn færri um Grænland.“ 57 - „Heimildir um Grænland og íbúa landsins frá miðöldum eru ekki fjölskrúðugar,..

Breski fræðimaðurinn Jonathan Grove hefur m.a. rætt um það efni og lýsir þeim viðhorfum sem koma fram í íslenskum miðaldartextum, Grænlingasögu og Eiríks sögu, þannig að fjallað sé um Grænland sem jaðarsvæði sem einkennist af erfiðu lífi, sjúkdómum og útlegð, undarlegum fyrirbærum, tröllum og skrímslum, afturgöngu og nornum, en frásagnir af slíkum verum voru algengar á miðaldaritum ... Þannig var þetta sett fram í verkum íslenskra höfunda og væntanlega sem andstæði við sjálfsmynd þeirra; hér má e.t.v. hafa í huga til samanburðar þá mynd sem dregin var upp af Íslandi í Konungs skuggsjá og framandleika landsins sem ræddur var hér að framan.“ 74

„Grænlandslýsing Konungs skuggsjár er full af andstæðum. Annars vegar er náttúru landsins lýst sem harðri og fjandsamlegri en hins vegar staðhæft að landi sé gott til bús, jafnvel með afbrigðum gott, svo að þar megi lifa góði lífi. Landinu er jafnvel lýst sem eins konar sælueyju hvað það varðar, auðugu norðri.“ ...

„Grænlandslýsing Ívars Bárðarsonar er talin rituð á ofanverðri 14. Öld og því ríflega öld yngri en Konungs skuggsjá. ... Um sumt svipar lýsingunni til Konungs skuggsjár, þegar rætt er um þau miklu hlunnindi sem landið bjóði uppá....“ 77

„Heimildir eru ekki margorðar um Grænlag á öndverðri 16. Öld, enda var það nánast óþekkt í Vestur-Evrópu. En er líða tók á öldina fjölgaði frásögnum. Landkönnuðir fóru að sækja landi heim í vaxandi mæli, og enn frekar síðar á tímabilinu. Inúítar á Grænlandi komust þar með í fyrsta sinn í samband við Evrópumenn, að undanskildum stopulum tengslum þeirra við norræna menn á síðmiðöldum.“ 121

„Martin Frobisher var fyrsti könnuðurinn af mörgum se kom til Grænlands á ofanverðri 16. Öld og átti samskipti við inúíta. Hann fór í fyrstu ferð sína árið 1576 ...þriðja leiðandir sínum árið 1578 ... en etir leiðangur hans hafa samskipti inúíta við fólk frá Vestur-Evrópu veri að mestu óslitin“ 126

Koma HansEgede til Grænlands árið 1721 makaði tímamót í sögu landsins. Hún hafði í för með sér nýlenduvæðingu Grænlands... 131

Egede velti fyrir sér, hvort Grænendingar væru afkomendur einhverra hinn tíu kynkvísla gyðinga 135

„Íslendingurinn Þormóður Torfason, fjallaði um grænland í riti sínu Gronlandia antiqva sem kom út árið 1706; höfundurinn rekur þar aðallega íslenskar og norrænar heimildir sem varða Grænland, þar með talið Konungs skuggsjá. Hann er mest með hugann við þann tíma sem norrænir menn bjuggu í landinu.“ 139

Ofanverðri 18. öld: „Sem sjá má koma skýrar ímyndir fram í almennu yfirlitsritunum: Ímyndir af landi þar sem voru mikil auðæfi, svipað og í nýja heiminum, fornri siðmenningu og ef til vill fyrirmyndasamfélagi í samtímanum; einnig göfugum, barnslegum villimönnum og svo loks siðlausum og grófum villimönnum sem helst líktust dýrum.“ 144

Arngrímur lærði skrifar Gronlandia í danski útgáfu 1732: „... rekur sögu norrænna manna á Grænlandi. Hnn ræðir um afrek þeirra við siglingar og byggir verk sitt á íslenskum fornritum. Viðhorf hans til inúíta eru neikvæð, hann nefnir þá skrælingja eins og gert er í Grænendingasögu eða smælingja af „litlum vexti ok vesælleghum.“ Hann nefnir líka síðar hversu „fíflskir“ þeir séu, og ræðir um villimennsku þeirra og árásargirni. Önnur atriði sem vekja athugli í frásögn Arngríms eru meintir góðir landkostir á Grænlandi sem hann lofar mjög.“ 139

Útgáfa um Grænland veruleg frá 1750 (203)

„Yfirleitt væru þeir afar smávaxnir, vart nema ríflega fimm fet á hæð og því tæplega fullskapaðir, nema kannski þeir sem hefðu blandast Dönum. Á litinn væru þeir olíubrúnir og því andsæða þeirra „hvítu“. Þá væru þeir svo illa gefnir að yfirleitt væri ekki unn að kenna þeim að telja nema upp í fimm og engum upp í meira en tíu. Jafnvel þeir sem væru skást útlítandi væru þó í raun viðbjóðslegir. Og þegar þeir spjölluðu saman tjáðu þeir sig „unintelligibly, and may times as fast as a poll parrot“. Börnum var stundum lýst þannig að þau litu út „exactly like a monkey“. Skilningur þeirra og útlit ætti því meira skylt við dýr en fólk.“ 210

„Robert Huish áleit því að líta yrði á „eskimoa“ og samfélag þeirra „as one of the lowest stages of human society, just one degree removed from animal existence, and in which the gratification of the sensual appetites appears to be the sole object of their life. Immersed in the profoundest ignorance, they have not a single pursuit, which has not an immediate reference to their animal wants, which on being satited, the human brute throws himself down by the side of his dogs, and

bloated with the effects of his gluttony passes away the dreary hours of his life in sleep and inanity.“ 211

Um 1850: Viðurkennd þekking á Grænlandi. „Ekki lék vafi á því að íbúarnir voru afar framandi, svipað og fólk í öðrum fjarlægum heimshlutum. Þeir voru á öðru stigi en þeir sem um þá fjölluðu, miklu skemmra komnir, ýmist villtir og grófir eða eins og börn.“ 216